

# 311. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIÐVIKUDAGINN 10. JÚNÍ 2020 KL. 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Samtal um breytt lagaumhverfi kirkjunnar
- 3) Fjármál og fasteignir
  - a) Húsnæði kirkjumiðstöðvar Vestmannsvatns
  - b) Umsókn Reynivallasóknar um byggingarleyfi
  - c) Veiðihús Reykholti
- 4) Önnur mál
  - a) Jafnréttisáætlun þjóðkirkjunnar
  - b) Erindi umhverfishóps
  - c) Syðra Laugaland
  - d) Skagabraut 30, Garði
  - e) Þingvallakirkjunefnd

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30-með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Þá sátu fundinn undir lið 2 Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, kirkjuþingsmaður og formaður framtíðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. SAMTAL UM BREYTT LAGAUMHVERFI KIRKJUNNAR

---

Kirkjuráð, forseti kirkjuþings og formaður framtíðarnefndar töluðu um breytingar á starfsreglum þjóðkirkjunnar sem viðbótarsamningur ríkis og kirkju, sem samþykktur var 6. september 2019 kallar á.

---

## 3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### a) *Húsnæði kirkjumiðstöðvar Vestmannsvatns*

Stjórn kirkjumiðstöðvarinnar Vestmannsvatni óskar eftir fjárstuðningi til lagfæringar á húsnæði kirkjumiðstöðvarinnar. Lögð var fram fundargerð kirkjustarfshóps og tillaga hópsins að afgreiðslu erindis er varðar Kirkjumiðstöðina Vestmannsvatni, dags. 27. apríl 2020. Stjórn Vestmannsvatns leggur til að fulltrúar kirkjuráðs komi á staðinn til að skoða málin og kynna sér málin og aðstöðuna.

Kirkjuráð samþykkti að þiggja boð stjórnar Vestmannsvatns og samþykkti að fela fulltrúum kirkjuráðs að sækja staðinn heim og leggja fram fyrir kirkjuráð tillögu að afgreiðslu málsins, á næsta fundi. Kirkjuráð hefur ekki fjármagn til að veita fjárstyrk til lagfæringar á húsnæðinu, á þessu ári.

### b) *Umsókn Reynivallasóknar um byggingarleyfi*

Lögð var fram fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs og tillaga hópsins að afgreiðslu á erindi Reynivallasóknar um byggingarleyfi fyrir þjónustuhús, dags. 5. maí 2020.

Kirkjuráð samþykkti umsókn Reynivallasóknar um byggingarleyfi fyrir þjónustuhús.

Séra Arna Grétarsdóttir, vék af fundi við afgreiðslu málsins.

### c) *Veiðihús Reykholti*

Fiskræktar og veiðifélag Reykjadalársar óskar eftir lóð í landi Reykholtis í Borgarfirði undir veiðihús fyrir félagið. Afstöðumynd og frekari gögn varðandi málið lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti beiðni fiskræktar og veiðifélags Reykjadalársar varðandi leigu á lóð í landi Reykholtis undir veiðihús fyrir félagið, í samræmi við framlögð gögn.

---

## 4. ÖNNUR MÁL

---

a) *Jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar*

Kirkjuráð yfirfór skyldur sínar samkvæmt jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar og tillögur framkvæmdastjóra um mögulegar viðbætur við starfsreglur um þingsköp kirkjuþings.

□ Kirkjuráð samþykkti að leggja fram tillögur framkvæmdastjóra á komandi kirkjuþingi.

b) *Erindi umhverfishóps*

Lögð fram til kynningar drög að landnýtingarstefnu og verkáætlun fyrir loftlagsaðgerðir.

Kirkjuráð þakkar umhverfishópnum fyrir vinnuna og kynninguna og lagði til örlitla breytingu á orðalagi textans.

□ Kirkjuráð samþykkti að áfram verði unnið að hnitsetningu landmerkja á jarðeignum kirkjunnar.

c) *Syðra Laugaland*

Kirkjuráð ræddi málefni Syðra-Laugalands. Vegna fjölda fyrirspurna sem borist hafa til kirkjuráðs, biskupsstofu og stakra starfsmanna þar sem lýst er yfir áhuga á leigu og/eða kaupum á hlutum jarðarinnar og/eða íbúðarhúss var ákveðið að kirkjuráð myndi fresta frekari samningaviðræðum sem hafðar eru við þrjá aðila varðandi hluta jarðar og íbúðarhúss þar til kirkjuþing hefur fjallað um málið, þar sem kirkjuþing hefur ekki veitt söluheimild.

d) *Skagabraut 30, Garði*

Lagt fram kautilboð í Skagabraut 30, Garði.

□ Kirkjuráð samþykkti kautilboðið og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ganga frá kaupsamningi þar um.

e) *Þingvallakirkjunefnd*

Lögð fram tillaga að skipan Þingvallakirkjunefndar.

□ Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi aðila í Þingvallakirkjunefnd frá 10. júní 2020 til 30. júní 2023:

Þingvallanefnd tilnefnir Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörð sem aðalmann og staðgengil hans hverju sinni sem varamann.

Sóknarnefnd Þingvallasóknar tilnefnir Borghildi Guðmundsdóttur sem aðalmann og Jóhannes Sveinbjörnsson sem varamann.

Héraðsnefnd Suðurprófastsdæmis tilnefnir sr. Halldóru J. Þorvarðardóttur og sr. Egil Hallgrímsson til vara.

Samkvæmt samþykkt kirkjuþings um stofnun Þingvallakirkjunefndar er vígslubiskup formaður, sr. Kristján Björnsson og varamaður hans er vígslubiskup Hólastiftis, sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 12. ágúst nk.

Kirkjuráð mun funda að jafnaði fyrsta fimmtudag í mánuði frá 3. september nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir